

Fundargerð 14. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2018, fimmtudaginn 21. júní kl. 13:30 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Aðgerðir siðanefndar á nýju kjörtímabili (2018-2022) - 1806010SA

Formaður reifaði stuttlega málið og Anna Guðrún lagði fram gögn til viðbótar við þingsályktunartillögu Alþingis um breyttar siðareglur alþingismanna, m.a. frá Bretlandi og CEMR.

Tillaga formanns samþykkt um að leiðbeiningar nefndarinnar um gerð siðareglna og hlutverk siðanefnda sveitarfélaga verði uppfærðar með tilliti til m.a. #meetoo-umræðunnar. Nýjum og endurskoðuðum leiðbeiningum verður dreift til sveitarfélaga þegar þær liggja fyrir. Æskilegt er að vinnunni ljúki um miðjan ágúst nk. svo að endurskoðaðar leiðbeiningar nýtist sveitarstjórnnum við þá endurskoðun sem nú fer fram á siðareglum þeirra.

2. Siðanefnd sambandsins - önnur mál til 2020 - 1806011SA

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 14:30

Sigurður Kristinsson

Erling Ásgeirsson

Anna G. Björnsdóttir